

Nd.

691. Nefndarálit

[196. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmda-
áætlunar fyrir árið 1970.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Enn heldur ríkisstjórnin uppteknum hætti að leggja frumvarp um lántöku-
heimildir ríkissjóðs þá fyrst fram, þegar örfáir dagar eru til þingloka og fjölmörg
önnur þingmál biða afgreiðslu.

Lántökuheimildir þessa frv. nema nálægt 1000 milljónum króna. Eðlilegt væri,
að þinginu gæfist kostur á að fjalla ýtarlega um ráðstöfun svo mikilla fjármuna,
en því er ekki að heilsa. Er ekki ólíklegt, að alþingismenn vildu t. d. athuga það
nánar, hvort tímabært sé að hefjast handa um aukna raforkuöflun utan þess svæðis,
sem Búrfellsvirkjunin nær til. Og þegar um er að ræða 500 milljón króna lántöku
til lagningar hraðbrauta, kæmu að okkar dómi einnig til álita fleiri meiri háttar
verkefni í vegagerð.

Það er eftirtektarvert, að í stað þess að áður voru erlend lán nær einvörðungu
tekin til einstakra stórfamkvæmda, til þess að efla arðbæran atvinnurekstur eða
leysa verkefni, sem ætla mátti að hefðu þjóðhagslega þýðingu, þá er nú í vaxandi
mæli notað erlent fjármagn til ýmissa smærri framkvæmda, sem áður þótti sjálf-
sagt að greiða með fjárveitingum á fjárlögum.

Á undanförunum árum hafa verið sívaxandi brögð að því, að alls konar skulda-
bréf eru með lögum undanþegin framtalsskyldu. Þetta teljum við óhæfu. Við telj-
um, að það sé frumskilyrði fyrir eðlilegu skatteftirliti, að eignir séu taldar fram,
þó að þær séu undanþegnar skattlagningu, en slíkt getur í vissum tilfellum verið
réttlætlegt, og flytjum við brtt. við 3. gr. frv.

Eins og mál þetta ber að í Alþingi nú — og raunar áður — er útilokað að gera
því þau skil, sem margir alþm. hefðu áreiðanlega viljað og vert væri. Við munum
ekki flytja breytingartillögur við þau ákvæði frv., sem fjalla um skiptingu láns-
fjárins, þó með einni undantekningu, að því er varðar rafvæðingu í sveitum. Í þeim
efnum hefur myndast svo mikið ósamræmi milli byggðarlaga, að við teljum nauð-
synlegt að flýta fyrir því, meira en frv. gerir ráð fyrir, að rafvæðingu landsins
verði lokið.

Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Orðin „framtalsskyldu og“ falli brott.
2. Við 8. gr. Upptalning, hvernig verja skuli lánsfé, breytist þannig:
Í stað „15 millj. kr.“ til rafvæðingar í sveitum komi: 30 millj. kr., og niður-
stöðutala breytist samkvæmt því í 371.8 millj. kr.

Alþingi, 25. apríl 1970.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Þórarinn Þórarinsson.

Lúðvík Jósefsson.